



Nýtt deiliskipulag Ásbrautar

Forkynning á vinnslustigi, athugasemdir.

Dags. 15.maí 2025
One 23111613/KHK

Efni: Ágrip

Lögð fram að nýju forkynningartillaga umhverfissviðs að nýju deiliskipulagi Ásbrautar ásamt ábendingum og athugasemdum sem borist hafa á forkynningartímabili í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið deiliskipulagsvinnunnar er að endurhanna göturými Ásbrautar til að bæta stígakerfi og tryggja með samræmdum hætti örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda í samræmi við aðalskipulag Kópavogs.

Með deiliskipulaginu er núverandi byggðarmynstur fest í sessi og lagðar skipulagslegar forsendur fyrir vistleigri götumynd og öruggari göngu- og hjólaleiðum.





Borist hafa 16 athugasemdir á forkynningartíma sem var frá 7.apríl. – 14.maí .2025.

		<i>Helstu efnisatriði ábendinga</i>
1	Skipulagsstofnun	Ekki gerðar athugasemdir
2	Jóhannes Kári Sólmundarson	Bendir á að staðsetning hjólastígs væri betri norðanmeign í götunni
3	Anna Margrét Sigurbergisdóttir	Bæta öryggi gangandi og hjólandi um bílastæði við Ásbraut 2, 11-13 og 7-9, loku við Hraunbraut illa útfærð, vetrarþjónusta á bílastæði bæjarins, vantar lýsingu í götuna osfrv.
4	Reykjavíkurborg	Ekki gerðar athugasemdir
5	Garðabær	Ekki gerðar athugasemdir
6	Veitur	Veitur eru með hitaveitulagnir og rafmagnsstrengi á svæðinu sem þarf að taka tillit til áframkvæmdatíma en þar sem tillagan gerir eingöngu ráð fyrir lagningu nýrra stíga kemur breytingin til með að hafa takmörkuð áhrif á núverandi kerfi.
7	Pétur Björnsson	Leggur til að lóðamörk Ásbrautar 19-21 verði óbreytt en sparkvöllur verði færður lítilla til norðurs á dautt malbikað svæði þar sem aldrei er nýtt.
8	Ingunn Hildur Hauksdóttir	Bendir á ábótavant umferðaröyggi fyrir gangandi og hjólandi. Hjólastígur, Ásbrautin, er eina bílaakstursleið fyrir íbúa í alls 80 íbúðum í blokkunum við Ásbrautina. Þ
9	Húsfélag Ásbrautar við 11-13	búar mótmæla fækkun og fyrirkomulagi vilja fá staðfestan einkarétt á þeim 12stæðum á lóð Ásbrautar 7a og að nýtt deiliskipulag feli ekki í sér færri einkastæði fyrir húsið.
10	Guðrún Lilja Eysteinsdóttir	Til að reyna að forðast slysin væri eðlilegra og eiginlega eina leiðin að hafa alla hjólandi umferð fjær inn- og útkeyrslum. Þeim megin yrði settur tvöfaldur hjólréiðastígur.
11	Hjörtur Már Markússon	Til að reyna að forðast slysin væri eðlilegra að hafa alla hjólandi umferð fjær inn- og útkeyrslum. Tvöfaldur hjólastígur norðanmegin götunnar.
12	Eva Margrét Kristófersdóttir	Tvöfaldur hjólastígur norðanmegin til að forðast slysin. Fjöldi bílastæða.
13	Vegagerðin - Höfuðborgarsvæði	Gerir ekki efnislegar athugasemdir
14	Landsamtök hjólréiðamanna	Benda á hönnunarleiðbeiningar SSH um hjólréiðar. Kanna ætti margvíslegar ódýrari og einfaldari hugmyndir, t.d. að bera saman við að vera áfram einungis með hjólréinar og hjólavísa um Ásbraut, skoða snið á hollenskum íbúðargötum þar sem þrengt er að bílum með hjólréinum sitthvori megin.
15	Berglind Aðalsteinsdóttir	Hjólaleiðin yfir Kópavogshálsinn um Hamraborg er gríðarlega mikilvæg tenging milli Kópavogs og Reykjavíkur. Tel að hjólastígnum væri best fyrir komið suðaustan við blokkirnar við Ásbraut þeas á milli blokkanna og Hafnarfjarðarveggar og tengjast þaðan brú yfir Kársnesbraut.
16	Davíð Guðbergsson	Hlynntur því að standi til að laga götuna. Tvöfaldur hjólastígur norðanmegin

Lagt er til að skipulag- og umhverfisráð feli skipulagsfulltrúa að halda áfram vinnu við gerð tillögu að deiliskipulagi Ásbrautar á grundvelli framlagðrar tillögu á vinnslustigi og með hliðsjón af þeim umsögnum, athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsfulltrúa
Kristjana H. Kristjánsd.
Kristjana H. Kristjánsdóttir
verkefnastjóri